

Lög Stúdentafélags Vatnsins, SVHÍ

I. Nafn, aðsetur og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Stúdentafélag Vatnið. Skammstafað SVHÍ.

2. gr.

Allir stúdentar við Háskóla Íslands eru gjaldgengir í félagið. Sitjandi stjórn ákveður hve hátt félagsgjald skal vera.

3. gr.

Aðsetur stjórnar SVHÍ skal vera í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

4. gr.

Stjórn SVHÍ skal gæta menningarlegra og félagslegra hagsmuna stúdenta í hvívetna og vera málsvari stúdenta jafnt innan Menntavísindasviðs HÍ sem utan.

5. gr.

Stjórn SVHÍ skal leitast við að taka þátt í samstarfi hvers konar sem tengist starfsemi félagsins.

II. Stjórn SVHÍ

6. gr.

Stjórn SVHÍ er framkvæmdastjórn félagsins. Í Stjórn SVHÍ sitja fulltrúar nemenda sem kjörnir eru á aðalfundi sbr. IV. kafla laga þessara fyrir utan fulltrúi nýnema en hann skal kjörin á haustfundi sbr. IV. kafla laga þessara.

7. gr.

Fráfarandi formaður Stjórnar SVHÍ boðar fráfarandi Stjórn SVHÍ ásamt nýkjörnum fulltrúum til fundar eigi síðar en 7 dögum eftir að aðalfundi er lokið.

Fráfarandi formaður situr í forsæti og stýrir fundinum.

8. gr.

Að lokum fyrsta fundi eftir aðalfund tekur ný stjórn til starfa og umboð fráfarandi stjórnar fellur niður. Hagsmunafulltrúi SVHÍ skal tilnefna stúdenta til setu í ráðum og nefndum á vegum skólans.

9. gr.

Formaður er forsvarsmáður félagsins, boðar til funda stjórnar SVHÍ og stýrir þeim. Formaður kemur fram fyrir hönd stúdenta og gætir hagsmuna þeirra út á við.

Hann hefur yfirumsjón með félagslífi stúdenta í samráði við stjórn SVHÍ.

10. gr.

Varaformaður, er hægri hönd formanns og fer í formannssætið þegar formaður er frá fundi.

11. gr.

Upplýsingafulltrúi sér um að upplýsa félagsmenn sem og aðra íþrótta- og heilsufræðinema um viðburði á vegum félagsins. Upplýsingafulltrúi sér um að uppfæra heimasíðu félagsins og sýnileika þess á öðrum samfélagsmiðlum.

12. gr.

Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsins í samráði við stjórn SVHÍ. Gjaldkeri hefur eftirlit með fjárreiðum allra nefnda og ráða á vegum félagsins. Gjaldkeri skal birta rekstraryfirlit á fyrsta fundi hvers mánaðar.

Gjaldkeri skal standa skil á fjárreiðum félagsins á aðalfundi þess.

13. gr.

Skemmtanastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu viðburða á vegum félagsins í samráði við stjórn SVHÍ.

14. gr.

Vísindaferðastjóri sér um að bóka vísindaferðir, skrá fólk í þær og annað tilfallandi sem þær varðar.

15.gr

Íþróttastjóri sér um að halda íþróttaviðburði á vegum nemendafélagsins, og halda utanum það sem þá varðar.

16. gr.

Nýnemafulltrúi er tengiliður 1. árs nema við Stjórn SVHÍ. Nýnemafulltrúi er öllum embættum stjórnar SVHÍ til aðstoðar.

17. gr.

Varamaður hefur rétt til að sitja stjórnarfundi án atkvæðaréttar. Í forföllum annarra stjórnarmanna skal hann taka sæti þeirra á fundum stjórnar.

18. gr.

Á fundum stjórnar SVHÍ ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði jafnt skal tillaga endurskoðuð

19. gr.

Stjórn SVHÍ semur starfsáætlun vetrarins sem kynnt skal á haustfundi.

III. Félagslíf

20. gr.

Í byrjun hvers skólaárs skal Stjórn SVHÍ taka á móti nýstúdentum og kynna þeim starfsemi félagsins.

IV. Aðalfundur og aukaaðalfundur, kjör til stjórnar SVHÍ

21. gr.

Aðalfundur er æðsta vald Stúdentafélags Vatnsins.

22. gr.

Aðalfundur skal halda í apríl ár hvert. Framboðum skal skila til Stjórnar SVHÍ fyrir aðalfund.

23. gr.

Sérhver félagsmaður SVHÍ er kjörgengur og með kosningarétt á aðalfundi. Einfaldur meirihluti skal ráða úrslitum á aðalfundi.

24. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera svohljóðandi:

1. Setning aðalfundar
2. Kjör fundarstjóra
3. Kjör fundarritara

4. Skýrsla fráfarandi formanns
5. Kynning ársreikninga
6. Lagabreytingar
7. Kosning til nýrrar stjórnar
8. Önnur mál
9. Fundi slitið

25. gr.

Kosningar til stjórnar SVHÍ skulu fara fram á aðalfundi .

Stjórn SVHÍ skipar tvo óháða kosningastjóra, sem ekki eru í framboði, í kjörstjórn. Kjörstjórn stjórnar skipulagi kosninga ásamt talningu kjörseðla.

Á aðalfundi skal kosið í eftirfarandi embætti stjórnar SVHÍ:

Formaður

Varaformaður

Gjaldkeri

Skemmtanastjóri

Vísindaferðastjóri

Upplýsingafulltrúi

Íþróttastjóri

26. gr.

Séu frambjóðendur til stjórnar SVHÍ einn til hvernar stöðu skal litið svo á að þeir séu sjálfkjörnir til setu í stjórn SVHÍ án kosninga.

27. gr.

Sitjandi stjórn hefur rétt til að boða til aukaaðalfundar með tveggja vikna fyrirvara en að öðru leyti með sama hætti og til aðalfundar.

V. Haustfundur

28. gr.

Haustfund skal halda í september ár hvert.

29. gr.

Dagskrá haustfundar skal vera svohljóðandi:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Áætlun vetrarins kynnt
5. Kosning fulltrúa fyrsta árs stúdenta í stjórn
6. Önnur mál
7. Fundi slitið

VI. Reikningar

30. gr.

Reikningsár Stúdentafélags Vatnsins skal vera í samræmi við starfstíma stjórnar SVHÍ.

31. gr.

Sitjandi gjaldkeri skal kynna ársreikninga á aðalfundi félagsins.

VII. Lagabreytingar

32. gr.

Lögum félagsins skal breyta á aðalfundi eða á haustfundi.

Til að lagabreytingar öðlist gildi þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi eða haustfundi.

33. gr.

Lög Stúdentafélags Vatnsins skulu tekin til endurskoðunar af Stjórn SVHÍ árlega.

Samþykkt á haustfundi Stúdentaráðs Vatnsins
8. september 2024

Undirritað stjórn Vatsins:

Gunnar Freyr Þórarinsson

Lara Margrét Jónsdóttir

Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir

Víðir Ramdani

Ásta Hind Ómarsdóttir

Arna Karen Viggósdóttir

Máni Snær Benediktsson